

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 19. september 2025 klukkan 17:30

**Titill**

'Að kjósa að sleppa því'

**Höfundur**

Guðrún Elsa Bragadóttir (1986)

**Tímarit**

Ritið : tímarit Hugvísindastofnunar

16. árgangur 2016

1. tölublað: Loftslagsbreytingar, frásagnir, hugmyndafræði

Bls. 9-33

**Vefslóð**

<https://timarit.is/gegnir/991007628689706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

## „Að kjósa að sleppa því“

### Olíuleit, aðgerðaleyfi og hinsegin möguleikar

*Sem stendur myndi ég kjósa að sleppa því að vera svolítið skynsamur.*

(„Bartleby the Scrivener“, Herman Melville)

*Ég tel að það sé unnið alltof mikið í heiminum, að það valdi miklum skaða að trúa að vinna sé dyggð, og að það þurfi að breiða út boðskap afar ólíkan þeim sem hefur alltaf verið boðaður í iðnvæddum löndum nútímans.*

(„In Praise of Idleness“, Bertrand Russell)

Sagan af ritaranum Bartleby eftir Herman Melville lýsir furðunni sem vaknar þegar manneskja gerir *ekki* það sem til er ætlast, þótt hún sé bæði fær um að gera það og myndi hagnast á því. Frásögninni vindur fram með stöðugu hökti. Lögfræðingur á Wall Street segir frá því hvernig Bartleby, duglegasti starfsmaður hans, hættir einn góðan veðurdag að hlýða fyrirmælum með orðunum „ég myndi kjósa að sleppa því.“<sup>1</sup> Uppfrá því svarar Bartleby skipunum alltaf á sama veg, hættir loks alveg að afrita og prófarkalesa skjöl, en heldur kyrru fyrir á skrifstofunni og sest þar að, yfirmanni sínum til mikillar mæðu. Fram að sögulokum er Bartleby aðeins til trafala og þótt hann sitji þögull og láti lítið fyrir sér fara, truflar nærvera hans virka þátttakendur atvinnulífsins, fyrst og fremst vegna þess hversu fátánleg hún þykir.

Flest tengjum við umhverfisaktívisma við aðgerðir sem felast í og leiða til *kyrrstöðu*: það að hindra, teppa, tefja, standa í vegi fyrir, stöðva. Hér skerða líkamar getu annarra líkama – hvort sem þeir sitja í vinnuvélum eða skrifstofubyggingum – og endurskilgreina hvar mörk mannglegrar athafnagleði skuli liggja. Aðgerðasinnar reyna að auki að tryggja áframhaldandi tilvist þessara marka með því að sannfæra þá sem völdin hafa, þrýsta á, jafnvel neyða þá til „að sleppa“ framkvæmdum sem myndu skaða umhverf-

<sup>1</sup> Herman Melville, *Bartleby the Scrivener*, Hazleton: Pennsylvania State University Electronic Classics Series, 2012, bls. 12: „I would prefer not to.“

ið; aðgerðunum er því ætlað að neyða aðgerðaleyssi upp á stóriðjufyrirtæki. Þessar kröfur koma fólki gjarnan neikvætt fyrir sjónir, aðgerðasinnarnir eru sakaðir um að vera á móti öllu, eins og af prinsippástæðum, þar með töldum framförum, hagvexti og því sem honum er gjarnan jafnað við, velmegun samfélaga.

Hér verður fjallað um þessar andkapítalísku kröfur umhverfisverndarsinna um „aðgerðaleyssi“ í samhengi við olíuleitina sem á sér stað á Drekasvæðinu. Þótt olíuleitin sem farið hefur fram út af norðausturströnd Íslands síðan fyrstu leyfin voru gefin út 2013 hafi mætt lítilli mótstöðu stjórn málaafila í landinu, stigu bæði hópar og einstaklingar fram sem lögðu til að íslensk stjórnvöld slepptu framkvæmdunum, gjarnan með vísan til áreiðanlegustu vísinda um hnattræna hlýnun og hlut olíu í vandanum. Viðbrögðin við þessum tillögum eða kröfum – og jafnvel enn frekar skortur þar á – eru kveikjan að þessari grein.

Til að varpa ljósi á mikilvægi aðgerðaleyssi, þegar það skortir hvorki getu til aðgerða né gróðavon, mun ég leita til ítalska heimspekingsins Giorgio Agamben, sem hefur fjallað um aðgerðaleyssi ritarans Bartleby og hugtakið „megund“ (e. *potentiality*) í því samhengi. Ég tel að skrif Agambens geti hjálpað okkur að hugsa um það sem gera þarf til að draga úr hnattrænni hlýnun á næstu áratugum, þegar það felur ekki aðeins í sér aðgerðir heldur líka aðgerða- eða framkvæmdaleyssi sem er síður en svo samrýmanlegt rökvisi kapítalisma og nýfrjálshyggju, en þar er gerð krafa um gróða og stöðugan vöxt.<sup>2</sup>

Það að biðja ráðamenn eða fyrirtæki um að láta skammtímagróðasjónarmið lönd og leið felur í sér ósk um að viðkomandi sætti sig við að mistakast sé miðað við þá mælikvarða sem eru ríkjandi í kapítalísku neyklusamfélagi. Það skýrir að hluta hvers vegna krafan virðist mörgum svo fráleit, svo fráleit að hún kallar ekki einu sinni á svör þótt rökin gegn olíuleitinni séu fullkomlega skiljanleg ef vísindin að baki hnattrænni hlýnun eru höfð í huga. En það má heldur ekki líta framhjá því að hugmyndir um velgengni

<sup>2</sup> Í því sem á eftir fer verður gert ráð fyrir því að olíuleit á Drekasvæði gæti orðið ábatasöm þótt það sé á þessu stigi máls alls óvíst. Engin olía hefur fundist enn sem komið er, en fyrsti leiðangurinn fór fram bróðurpart septembermánaðar 2015. Þá hefur Kjell Pedersen, framkvæmdastjóri norska ríkisolíufyrirtækisins Petoro sem á hlut í sérleyfunum þremur sem gefin voru út 2013 og 2014, „ítrekað nauðsyn þess að horfa á olíuleit sem langhlaup þar sem tímaramminn væri í áratugum en ekki árum.“ Sjá „Allavega 10 ár í raunverulegan árangur“, mbl.is 4. janúar 2013, sótt 21. nóvember 2015: [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2013/01/04/aratugur\\_i\\_raunverulegan\\_arangur/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2013/01/04/aratugur_i_raunverulegan_arangur/).

í hverju samfélagi eiga sér sálrænan og tilfinningalegan hljómgrunn hjá fólkinu sjálfu.

Hinsegin fræði (e. *queer studies*) hafa jafnan fjallað um vandann sem fylgir því að víkja frá ríkjandi viðmiðum, sem geta verið einstaklingnum skaðleg, og leitina að öðrum og betri kostum. Í þau fræði verður sótt í lokahluta greinarinnar þar sem tekist verður á við það að fræðileg greining á loftslagsvandanum og orsökum hans virðist ekki nægja til að brugðist sé við honum. Umræðan um olíuleit á Drekasvæðinu verður skoðuð þar í ljósi skrifta Eve Kosofsky Sedgwick um það hvað fræðin *geti gert* til að hafa áhrif á heiminn. Að lokum er ráða leitað í bók J. Jack Halberstam, *Hinsegin listinni að mistakast*, um það hvernig hægt væri að sameinast um „að mistakast“ í gróðaleitinni á Drekasvæðinu og takast þá eitthvað allt annað og mikilvægara.

### *Ævintýrið á Drekasvæðinu*

Undanfarin ár hefur færst í aukana að umhverfissinnar biðli til ríkisstjórna og stóriðjufyrirtækja um að hætta við gróðavænlegar framkvæmdir sem myndu fela í sér verulegan útblástur gróðurhúsalofttegunda. Þessar kröfur um „aðgerðaleysi“ eru viðbragð við því að hnattræn hlýnun verður sífellt brýnna vandamál, en á sama tíma og fólk er farið að viðurkenna tilvist og alvarleika loftslagsvandans hefur ástandið því miður versnað. Eins og kom fram í fimmtu IPCC skýrslunni, sem kom út haustið 2014, náði útblástur gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum sögulegum hæðum á tímabilinu 2000 til 2010, efnahagskreppa árána 2007 og 2008 dró aðeins tímabundið úr losuninni.<sup>3</sup> Og það er ekki nóg með að ástandið sé verra nú en áður, því tíminn sem við höfum til að bregðast við vandanum er að renna út. Naomi Klein bendir á í nýlegri bók sinni *Þetta breytir öllu*, að það hversu lengi við höfum tafið hafi orðið til þess að „Alþjóðlega orkustofnunin hefur varað við því að ef við náum ekki stjórn á útblæstri fyrir árið 2017, sem nálgast óðfluga, muni jarðefnaeldsneytishagkerfi okkar ‚festa í sessi‘ afar hættulega hlýnun.“<sup>4</sup>

<sup>3</sup> R.K. Pachauri og L.A. Meyer (ritstj.), *Climate Change 2014. Synthesis Report. Contribution of Working Groups I, II and III to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*, Genf: IPCC, 2014, bls. 45.

<sup>4</sup> Naomi Klein, *This Changes Everything. Capitalism vs. The Climate*, New York: Simon & Schuster, 2014, bls. 23.

Þar sem einn helsti orsakavaldur hnattrænnar hlýnunar er jarðefnaeldsneyti<sup>5</sup> – og þar af leiðandi augljóst að það þarf að draga verulega úr brennslu þess næstu árin svo hlýnun fari ekki upp fyrir 2°C mörkin – myndi maður ætla að flestum kæmi spáskt fyrir sjónir að íslensk yfirvöld hafi gefið út þrjú sérleyfi fyrir rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíu og gass) á Drekasvæðinu árin 2013 og 2014. Olíuævintýri íslenskra stjórnvalda er rétt að hefjast þegar við erum aðeins 500 billjón kolefnistonnum frá því að ná 2°C mörkunum, en áætlað er að við náum þeim losunarmörkum á um það bil 30 árum á núverandi hraða útblásturs.<sup>6</sup> Þetta þýðir sömuleiðis að við getum aðeins brennt litlum hluta þess kolefnis sem okkur stendur til boða á heimsvísu, en fyrir fimm árum voru það „um það bil 2800 gíga-tonn – fimm sinnum það magn sem flestar íhaldssömustu ríkisstjórnir og vísindamenn jarðar segja óhætt að brenna.“<sup>7</sup>

Opinberar umræður um þessar óþægilegu staðreyndir virðast ekki breyta nokkru um afstöðu stjórnvalda í málinu, eins og ljóst var eftir heimsókn Bill McKibben, umhverfissinna og stofnanda alþjóðlegu grasrótarhreyfingarinnar 350.org, til landsins í maí 2013. Eftir að hafa haldið fyrirlestur við Háskóla Íslands, kom McKibben fram í fréttaviðtali við Stöð 2 og bað íslensku þjóðina um að sleppa því að leita að olíu:

Heimurinn hefur enga þörf fyrir meiri olíu, við eigum mun meira af olíu og gasi og kolum en við getum brennt. Ef við ætlum nokkurn tímann að gera eitthvað til að stöðva hnattræna hlýnun og hægja á súrnun hafsins þá verðum við að skilja olíu eftir í jörðu. Íslendingar gætu gert öllum stórkostlegan greiða með því að segja, „veistu hvað? Það gæti verið að það sé olía þarna, en við skulum leyfa henni að vera í jörðu, þar sem hún hefur verið í einhverjar milljónir ára.“ Það mikilvægasta sem Íslendingar gætu gert væri að [...] vera eins konar fyrirmynd annarra í heiminum og þið hafið nú þegar byrjað á því. Markmið um að hætta að nota jarðefnaeldsneyti á landinu er mjög mikilvægt – að verða kolefnishlutlaus á einhverjum tímapunkti væri afar jákvætt. En Ísland er auðvitað svo lítið að það mun ekki bjarga

<sup>5</sup> R.K. Pachauri og L.A. Meyer, *Climate Change 2014. Synthesis Report*, bls. 46.

<sup>6</sup> Bill McKibben, „It’s time to stop investing in the fossil fuel industry“, *The Guardian*, 30. maí 2013, sótt 21. nóvember 2015: <http://www.theguardian.com/commentisfree/2013/may/30/fossil-fuel-divestment-climate-change>. Tölurnar sem McKibben gengur út frá í greininni frá 2013 eru frá 2009, en árleg losun hefur aukist síðan þá.

<sup>7</sup> Bill McKibben, „It’s time to stop investing in the fossil fuel industry“.

heiminum upp á eigin spýtur. Við þurfum líka táknræna forystu, og því væri það að vera tilbúin til að fórna þessari olíu og skilja hana eftir í jörðinni stórkostleg yfirlýsing til umheimsins.<sup>8</sup>

Tillaga McKibbens er djörf og þótt hún sé skiljanleg í ljósi þess sem mælingar gefa til kynna sýna viðbrögð áhorfenda ljóslega hversu fáránleg hún er í núverandi markaðsumhverfi. Aðeins 5 af þeim 35 athugasemdum sem gerðar voru við viðtalið á netinu eru jákvæðar, í hinum eru heilindi McKibbens dregin í efa, hann sakaður um að vera „lobby-isti“ og hræsnari sem hafi ferðast til Íslands með flugvél, og loks er hann ítrekað beðinn um að bæta fyrir það fjárhagslega tap sem gert er ráð fyrir að tillaga hans myndi hafa í för með sér.

Ólíkir hópar hafa þó tekið undir bón McKibbens og beitt svipuðum rökum þegar þeir óska eftir að olían sé látin kyrr. Hópur sem kallar sig Samstöðu gegn olíuvinnslu sendi frá sér yfirlýsingu um miðjan október 2013 sem birtist á umhverfisblogginu *Grugg* mánuði síðar, en fram að því höfðu fjölmiðlar látið hana að öllu leyti framhjá sér fara. Höfundar yfirlýsingarinnar draga athygli að niðurstöðum þá nýútkominnar skýrslu IPCC og setja íslensku olíuleitina í samhengi við hnattræna hlýnun og afleiðingar hennar, svo sem súrnun sjávar, bráðnun ísmassa og frekari öfgar í veðri, og komast að þeirri niðurstöðu að í „ljósi þessarar afdráttarlausu skýrslu [sé] ekki hægt að halda öðru fram en að áætlanir íslenskra stjórnvalda ásamt örfáum eldhuga einstaklingum og fyrirtækjum um vinnslu olíu og

<sup>8</sup> „Íslendingar eiga að hætta við olíuleit á Drekasvæðinu“, *Visir*, 5. maí 2013. McKibben lætur eftirfarandi orð falla í sjónvarpsviðtalinu sem hægt er að nálgast á vefnum: „What the world needs no more of is oil, we’ve got way more oil and gas and coal than we can burn. If we’re ever going to do anything about stopping climate change and slowing the acidification of the ocean, then we’ve got to leave oil in the ground. So Iceland could do us all a huge favor by saying, ‘you know what? There might be some oil there, but let’s leave it in the ground where it’s been for the last few million years.’ The most important thing that Iceland could do would be to [...] provide a kind of model for the rest of the world and you’re starting to do that. The drive to get off fossil fuel within the country is very important – to become carbon neutral at some point would be a very good thing. But of course, Iceland’s so small that that’s not going to save the world by itself. We also need symbolic leadership, so say, to being willing to forgo that oil and leave it in the ground, that would be a great statement to make to the rest of the world.“ Sótt 21. nóvember 2015: <http://www.visir.is/islendingar-eiga-ad-haetta-vid-oliuleit-a-drekasvaedinu/article/2013130509553>.

gass á Drekasvæðinu séu með öllu ábyrgðarlausar.<sup>9</sup> Fimm dögum síðar var fjallað um yfirlýsinguna á vef *DV* við mun jákvæðari undirtektir en McKibben fékk rúmum sex mánuðum fyrr, að undanskildum deilum sem brutust út milli afneitara og þeirra sem efast ekki um tilvist hættulegra loftslagsbreytinga. Erfitt er að ákvarða hvort rekja megi muninn á viðbrögðunum (rífllega helmingur þeirra 44 athugasemda sem gerðar voru við fréttina voru jákvæðar) til þess að ólíkir hópar heimsæki vefsvæði *DV* og *Vísis*, til hugarfarsbreytinga sem gætu hafa átt sér stað mánuðina á undan, eða til þess að yfirlýsingin kemur frá Íslendingum.

Hópur umhverfisverndarsamtaka gaf út yfirlýsingu, svipaða þeirri sem fjallað var um hér að ofan, þegar þriðja leyfið var gefið út í janúar 2014 og CNOOC Iceland ehf., dótturfyrirtæki hins kínverska CNOOC International Ltd., fékk leyfi til að leita að olú á Drekasvæðinu.<sup>10</sup> Mótmæli gegn olfuleitinni færðust í aukana árið 2014, fyrstu tveir mótmælafundirnir voru viðbrögð við þriðja leyfinu og fóru fram í janúar, þriðju mótmælin voru skipulögð af Changemaker í apríl og alþjóðlega Loftslagsgangan (People's Climate March) rak lestina í september. Undirskriftalista var dreift í apríl samhliða mótmælum Changemaker þar sem bent er á að olfuleitin á Drekasvæðinu gangi þvert á markmið Sameinuðu þjóðanna um að halda hækkuninni innan 2°C markanna og athygli er vakin á hættunum sem fylgja því að bora eftir olú á svæðinu, óvissunni um arðsemi framkvæmdanna og loks öðrum, umhverfissvænni möguleikum, svo sem að fjárfesta í hreinni orku. 265 undirskriftum var safnað.

Undanfarin tvö ár hafa blogg og vefsvæði á borð við *Grugg.is*, *Náttúru.is*, *Loftslag.is* og *Changemaker.is* birt töluvert af efni um olfuleitina, loftslagsbreytingar og þátt jarðefnaeldsneytisiðnaðarins í vandanum. Síður hefur verið fjallað um íslensku olfuleitina og loftslagsbreytingar í prentuðum tímaritum og fræðiritum. Fyrsta og umfangsmesta greinin sem rituð var um efnið er „Vekjum ekki sofandi dreka. Loftslagsmál, pólitísk umræða og olfuleit á íslenska landgrunninu“ eftir Guðna Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, en hún birtist í *Tímariti Máls og*

<sup>9</sup> Finnur G. Olguson, „Yfirlýsing: Samstaða gegn olíuvinnslu“, *Grugg*, 12. nóvember 2013, sótt 21. nóvember 2013: <http://grugg.is/2013/11/12/yfirlýsing-samstada-gegn-oliuvinnslu/>.

<sup>10</sup> Eftirfarandi hópar sendu frá sér yfirlýsinguna: Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, Breytendur – Changemaker Iceland, Grugg – vefrit um umhverfisvernd, Eldvötn, Fuglavernd, Framtíðarlandið, Landvernd, Loftslag.is, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Nemendafélagið Gaia (HÍ), Ungir umhverfissinnar.

*menningar* árið 2011 og gekk út frá sams konar forsendum og umræðurnar tveimur árum síðar. Í greininni dregur Guðni jafnframt upp heldur dapurlega mynd af ástandinu, en þar fjallar hann um ósamræmið milli pólitískra markmiða (sem ávallt miða að auknum hagvexti) og raunveruleika loftslagsbreytinga, og bendir á að nánast útilokað sé „að fyrirbyggjandi aðgerðir gegn loftslagsbreytingum leiði ekki til efnahagssamdráttar, jafnvel þó að í þeim felist forsendurnar fyrir tækifærum framtíðarkynslóða.“<sup>11</sup>

Erfiðleikar þess að mótmæla mögulega arðbærum framkvæmdum sem samræmast illa umhverfisverndarstefnu koma skýrt í ljós í grein Guðna, þegar hann ræðir pólitískar afleiðingar ummæla sem Kolbrún Halldórsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, lét falla fyrir kosningar 2009, um að olíuvinnsla á Drekasvæðinu samrýmdist „hvorki stefnu um sjálfbæra nýtingu orkulinda né skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi“.<sup>12</sup> Tóku flokkssystkini hennar síður en svo vel í þessa yfirlýsingu, en hún vakti harkaleg viðbrögð á bloggum sem og í athugasemdakerfum, þar sem margir létu þá skoðun í ljósi að Vinstri græn ynnu gegn hagsmunum þjóðarinnar. Innan við klukkustund eftir að Kolbrún lýsti yfir afstöðu sinni til olíuleitarinnar sendu Vinstri grænir frá sér yfirlýsingu um að flokkurinn legðist ekki gegn olíuleit á Drekasvæðinu og næstum 25% kjósenda strikuðu yfir nafn Kolbrúnar eða færðu hana neðar á kjörseðlinum nokkrum dögum síðar, en eins og Guðni bendir á má draga þá ályktun að ummæli hennar um olíuleitina hafi kostað hana þingsætið.<sup>13</sup> Erfitt virðist því að líta framhjá því að eini íslenski stjórnmálaflokkurinn sem hefur umhverfisvernd í fyrirrúmi og er í ofanálag róttækur vinstri flokkur, virðist hvorki hafa getu né vilja til að leggjast gegn framkvæmdum ríkisstjórnarinnar á Drekasvæðinu; þvert á móti hefur flokkurinn stutt aðgerðirnar og unnið að því að þær yrðu að veruleika.<sup>14</sup>

<sup>11</sup> Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka. Loftslagsmál, pólitísk umræða og olíuleit á íslenska landgrunninu“, *TMM* 4/2011, bls. 10–25, hér bls. 15. Í þriðja hluta greinarinnar er unnið úr þessari athugasemd Guðna.

<sup>12</sup> Tilvitnun fengin úr Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka“, bls. 15.

<sup>13</sup> Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka“, bls. 17.

<sup>14</sup> Samfylkingin, flokkur sem studdi olíuleitina dyggilega á meðan hann var í ríkisstjórn, endurskoðaði afstöðu sína á landsfundi í mars 2015. Í samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar kemur fram að „Samfylkingin telur að mistök hafi verið gerð þegar leit var hleypt af stað á Drekasvæðinu. Nú þarf að vinna ofan af þeirri leit og vinnsluáformum og lýsa því yfir að Íslendingar hyggist ekki nýta hugsanlega jarðefnaorkukosti í lögsögu sinni.“ Sjá „Olíuleit á Drekasvæðinu: Vigdís Hauksdóttir“, *althingi.is*, 144. löggjafarþing – 83. fundur, 23. mars 2015, sótt 21. nóvember 2015: <http://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20150323T152642>.

Líkt og Naomi Klein bendir á í áðurnefndri bók og fjölmargir höfðu gert á undan henni, hefur ráðamönnum mistekist hrapallega að bregðast við hættulegum loftslagsbreytingum. Jafnframt hafa þær alþjóðlegu stofnanir sem í meira en tuttugu ár hafa haft það hlutverk að berjast gegn hættulegri hlýnun unnið óafturkræfan skaða með „málalengingum og töfum“. Þær bera einnig ábyrgð á því að útblástur árið 2013 var 61% hærri en árið 1990, „þegar viðræður um loftslagssáttmála hófust fyrir alvöru.“<sup>15</sup> Klein bendir síðar á að árið 1988, þegar ríkisstjórnir og vísindamenn hófu umræður um leiðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, hafi einnig markað upphaf þess sem síðar varð kallað „hnattvæðing“ og ber í því samhengi saman annars vegar vonbrigðin með alþjóðlegar samningaviðræður um loftslagsmál og hins vegar logandi velgengni alþjóðlegra stórfyrirtækja, sem hafa yfirstigið óteljandi hindranir á vegferð sinni og njóta nú reglugerða sem losa þau við nánast öll höft, með skelfilegum afleiðingum fyrir umhverfið.<sup>16</sup>

Líkt og Guðni gerir í „Vekjum ekki sofandi dreka“ árið 2011, bendir Klein á það hvernig hagvaxtarkrafa kapítalísks samfélags stangast á við nauðsynlegar aðgerðir til að stemma stigu við hlýnandi lofslagi. Þannig má greina í lausninni sem hún leggur fram í bók sinni ósk um að „sleppa því“; sleppa því framvegis að lúta grundvallarlögmálum kapítalismans, sleppa því að halda áfram á þeirri braut sem hefur stuðlað að vandanum síðan við upphaf iðnbyltingar og hefur með hnattvæðingu undanfarinna áratuga gert hann margfalt alvarlegri: „við höfum ekki gert það sem þarf til að draga úr útblæstri vegna þess að þessar aðgerðir rekast í grundvallaratriðum á við haftalausán kapítalisma, þá hugmyndafræði sem hefur verið ríkjandi allt það tímabil sem við höfum reynt að finna leið út úr vandanum.“<sup>17</sup> Það er einungis á færi fjöldahreyfinga að bjarga okkur núna, en þær þurfa „að vera þrándur í götu á sama tíma og þær opna aðrar leiðir að öruggari áfangastöðum.“<sup>18</sup> Þannig kallar lausn Klein á ákveðið aðgerðaleyfi – í það minnsta innan rökvisi kapítalisma – sem gefur ráðrúm til annars konar hugsunar og rými fyrir breyttar lífsvenjur, sem reyna ekki um of á þölmörk plánetunnar.

Það er full ástæða til að dvelja við uppástungu Klein og þeirra einstaklinga og hópa sem rætt hefur verið um hér á undan. Það að „sleppa því“ að

<sup>15</sup> Naomi Klein, *This Changes Everything*, bls. 11.

<sup>16</sup> Naomi Klein, *This Changes Everything*, bls. 18–19.

<sup>17</sup> Naomi Klein, *This Changes Everything*, bls. 18.

<sup>18</sup> Naomi Klein, *This Changes Everything*, bls. 450.

gera það sem virðist allt að því óhjákvæmilegt er síður en svo einfalt mál. Þar að auki er það eina sem er sameiginlegt með málflutningi þeirra sem fjallað hefur verið um í þessum kafla óskín um að numið sé staðar. Gildi þess að nema staðar – að *gera ekki* eitthvað – án þess að uppi sé krafa um að eitthvað sérstakt *verði gert* í staðinn, liggur hins vegar ekki endilega í augum uppi. Til að varpa ljósi á mikilvægi aðgerðaleyfisins verður sjónum nú beint að vangaveltum um möguleika, getu og aðgerðaleyfi í verkum heimspekingsins Giorgio Agamben um megundina.<sup>19</sup>

### *Af gildi þess að „sleppa því“*

Þótt umhverfismál séu ekki tekin til umræðu í ritgerð Agamben „Um megundina“ er útgangspunktur hennar það samhengi alþjóðakapítalisma og eyðileggingarmáttar manna á hnattrænum skala sem rætt hefur verið hér að ofan. Agamben byrjar á því að benda á að hugtakið megund eigi sér ekki aðeins langa sögu í vestrænni heimspeki, þar sem það hefur verið miðlægt síðan Aristóteles fjallaði um það í *Um sálina*; það hafi aldrei hætt að skipta máli í „lífi og sögu mannkyns, fyrst og fremst þess hluta mannkyns sem hefur vaxið og þróað getu (ít. *potenza*) sína upp að því marki að það hefur þröngvað yfirráðum sínum upp á plánetuna alla.“<sup>20</sup> Það er því hæfileiki manneskjunnar til að laga umhverfið að þörfum sínum, með afleiðingum sem eru gjarnan ófyrirséðar og afdrifaríkar, sem veldur því að hugtakið er ekki síður mikilvægt í dag en í Grikklandi hinu forna. Þessi hæfileiki er í eðli sínu hvorki neikvæður né jákvæður, en hefur haft í för með sér jafn yfirgripsmikil afrek og þróun tækni og vísinda, sem og mótun alþjóðasamfélags og heimsmarkaðar.

Megund er margslungið fyrirbæri, því þótt hún sé stöðugt til staðar, þá birtist hún aðeins *við ákveðnar aðstæður* og í *athöfnum*, eins og ljóst er

<sup>19</sup> Hugtakið *δύναμις* (e. *potentiality*, l. *potentia*) vísar til getu og valds, auk möguleikanna sem felast í hvoru tveggja. Með það að markmiði að halda öllum þessum merkingaraukum til haga ákvað ég nota þýðingu Sigurjóns Björnssonar á þessu hugtaki Aristótelesar í *Um sálina*, fremur en þýðingu Svavars Hrafn Svavarssonar, sem kys einfaldlega að tala um „möguleika“ í þýðingu sinni á *Frumspekinni*, orð sem hefur þann kost að vera þjálfa og kunnuglegra. Hins vegar vekur orðið „megund“ upp hugrenningatengsl við lýsingarorðið „megnugur“ sem felur í sér getu, mátt og það að vera fær eða *mögulegur*.

<sup>20</sup> Giorgio Agamben, „On Potentiality“, *Potentialities. Collected Essays in Philosophy*, ritstjóri, þýðandi og höfundur inngangs Daniel Heller-Roazen, Stanford, California: Stanford University Press, 1999, bls. 177–184, hér bls. 177.

af þeim dæmum sem notuð eru til að skýra virkni hennar í tveimur textum Agamben, „Bartleby, eða um ófyrirsjáanleika“ og „Um megundina“. Helsta dæmið sem hann styðst við í þeim fyrrnefnda dregur sérstaklega fram mikilvægi athafna; þar notar hann vaxskrifbretti sem notuð voru í fornöld til að skýra hvernig hugurinn er „vera hreinnar megundar“: „líkt og þegar fjaðurstafur skrifarans ristir viðkvæmt vaxlagið skyndilega, gerir megund hugsunarinnar, sem er í sjálfri sér ekkert, virkni vitsmunanna mögulega.“<sup>21</sup> Dæmið sem Agamben notar í „Um megundina“ eru skilningarvitin, sem við verðum aðeins meðvituð um við áreiti eða þegar við erum svipt þeim. Skilningarvit á borð við sjón og mál tilheyrja „sviði megundar“ – líkt og hugurinn eru þau í sjálfu sér ekkert – en það einkenni á getu okkar sýnir að „megund er ekki einungis eitthvað sem ekki er (e. *non-being*), hreinn skortur, heldur er hún *tilvist þess sem er ekki*, hún er til marks um það sem er fjarverandi.“<sup>22</sup>

Hugtakið *impotentiality* þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi draga fram það lykileinkenni megundar að hún nær ekki einungis yfir „möguleikann á því að gera hitt eða þetta heldur einnig möguleikann á því að gera ekki, möguleikann sem ekki verður að veruleika.“<sup>23</sup> Frelsið í „hylðýpi megundarinnar“ grundvallast á þessari óvirkni: „Að vera frjáls er ekki aðeins að hafa það á sínu valdi að gera hitt eða þetta, né er það einfaldlega það að hafa vald til að neita að gera hitt eða þetta“ – það er að vera fær um að gera ekki það sem maður getur gert; að vera meðvituð um eigin getu án þess að beita henni, að sjá möguleika sem ekki eru nýttir og láta þar við sitja.<sup>24</sup>

Munurinn á því að *neita því* að gera eitthvað og að *sleppa því* að gera eitthvað kann að virðast of lítill til að það taki því að benda á hann, en gildi þess að gera þennan greinarmun verður skýrt í samhengi við olíuleitina á Drekasvæðinu. Olíuleit (og möguleg olíuvinnsla), sem gengur þvert á vísindalega þekkingu um loftslagsbreytingar, er pólitísk aðgerð sem ráðist er í með skammtímagróðasjónarmið að leiðarljósi. Það að rísa upp gegn ríkjandi öflum og *neita því* að samþykkja aðgerðirnar, *neita því* að lúta lögmálum kapítalismans, væri að sama skapi pólitísk aðgerð sem gerði þá kröfu til uppreisnarseggjanna að þeir ættu sér sameiginleg pólitísk mark-

<sup>21</sup> Giorgio Agamben, „Bartleby, or On Contingency“, *Potentialities. Collected Essays in Philosophy*, Stanford, California: Stanford University Press, 1999, bls. 243–271, hér bls. 245.

<sup>22</sup> Giorgio Agamben, „On Potentiality“, bls. 179.

<sup>23</sup> Giorgio Agamben, „On Potentiality“, bls. 179–180, skáletrun mín.

<sup>24</sup> Giorgio Agamben, „On Potentiality“, bls. 183.

mið. Það að kjósa heldur að *sleppa því* að ráðast í framkvæmdir sem koma til með að auka á vanda sem vísindamenn eru sammála um að sé raunverulegur, alvarlegur og af mannavöldum, er hins vegar nokkuð sem fólk ætti að geta sameinast um þvert á flokkslínur. Hnatræn hlýnun mun skerða lífsgæði okkar allra, óháð pólitískri sannfæringu. Þess vegna ætti ekki að vefjast fyrir okkur að staldra við, halla okkur makindalega aftur í skrifstofustólunum og segja með góðri samvisku: „ég myndi kjósa að sleppa því.“ Um það sem tekur við má svo brjóta heilann, ræða, deila, kjósa.

Frelsið til að ‚sleppa því‘ sem maðurinn hefur bæði getu og tækifæri til að framkvæma eru forréttindi hans samkvæmt Agamben, það sem skilur manneskjur frá dýrum.<sup>25</sup> Samkvæmt því ættu manneskjur líka að vera færar um að sleppa því að framkvæma ýmislegt sem virðist nauðsynlegt innan rökvisi þess kerfis eða hugmyndafræði sem mótar þær. Í skrifum Agamben má því greina höfnun á kenningum sem hafa verið miðlæggar í hugvísindum um áratuga skeið og einblína á óvirkni og getuleysi þjóðfélagsþegna í viðjum hugmyndafræðinnar.<sup>26</sup> Miðlægni þessara hugmynda er skiljanleg í ljósi vonbrigðanna sem hugsjónabarátta 20. aldarinnar endaði iðulega með, en í samhengi loftslagsvandans er annars konar hugsunarháttar þörf. Ástralski menningarfræðingurinn Claire Colebrook hefur bent á að sú staðreynd að við gleymum gjarnan möguleikanum á því að ‚sleppa því – „að við látum eins og manneskjur stýrist af staðreyndum sem kalli eðlilega á aðgerðir“ – hafi „náð hættulegu hámarki sínu í nútímanum, einkum í því að við bægjum í síauknum mæli frá okkur vitneskjunni um eigin takmarkanir í þágu skilvirkni.“<sup>27</sup>

Þessi tilhneiging til að gleyma því að manneskjan er „ekkert annað en megund“ birtist í tveimur mjög ólíkum dæmum í skrifum Agamben: hryllingi alræðisstefnu og neysluhyggju nútímalýðræðissamfélaga. Í báðum tilfellum er látið sem „maðurinn sé vera á fullnunarstigi (e. *actuality*)“; í alræðissamfélögum er manneskjan smætтуð niður í „hlut eða dýr sem auðvelt er að stjórna og skipta út“ á meðan tilhneiging til að líta fyrst og

<sup>25</sup> Giorgio Agamben, „On Potentiality“, bls. 182.

<sup>26</sup> Eða síðan franskri heimspekingurinn Louis Althusser leiddi saman hesta sálgreiningar og marxisma við upphaf 8. áratugarins í kenningum sínum um „ávarp“ (e. *interpellation*) hugmyndafræðinnar til einstaklingsins sem á engra annarra kosta vól en að svara kallinu og gangast inn á ríkjandi fyrirkomulag.

<sup>27</sup> Claire Colebrook, „Introduction. Framing the End of the Species. Images Without Bodies“, *Death of the PostHuman: Essays on Extinction, Vol. 1* (Ann Arbor: Open Humanities Press & Michigan Publishing, 2014), bls. 9–28, hér bls. 13.

fremst á fólk sem óvirka neytendur einkennir nútímalýðræðissamfélög.<sup>28</sup> Colebrook bendir þó á að á sama tíma og „það er engin trygging fyrir því að við verðum manneskjur“ í þeim skilningi að við séum nógu meðvituð til að nema staðar þegar þess er þörf, þá sé auðvitað „mannlegt að gleyma sér.“<sup>29</sup>

Þótt áhersla sé lögð á mikilvægi aðgerðaleysis í þessari grein – á að möguleikanum á því að „sleppa því“ sé gefið meira vægi í samfélagi sem stöðugt krefst framleiðni og mælanlegra afkasta – þá er það fyrst og fremst með það fyrir augum að eitthvað annað geti þá gerst. Í „Bartleby, eða um ófyrirsjáanleika“ bendir Agamben á rýmið sem verður til vegna aðgerðaleysis ritarans; það er þegar við verðum meðvituð um möguleikann á því að *gera ekki* það sem við vel getum sem „við verðum í raun og veru fær um sköpun, sem við verðum í raun og veru skáld.“<sup>30</sup> Að þessu leyti verður Bartleby, „ritarinn sem hætti að skrifa, að sláandi birtingarmynd Tómsins sem elur af sér alla sköpun“.<sup>31</sup> Undir lok greinar sinnar ræðir Agamben þá algengu túlkun á Bartleby að hann sé kristsgervingur „sem kemur til að afnema gömul lög og innleiða nýja skipan“ og bendir á þann mun á Jesú og Bartleby að sá fyrrnefndi kom til að endurheimta það sem var áður, en hinn síðarnefndi til að „þjarga því sem ekki var.“<sup>32</sup> Bartleby getur hjálpað okkur að hugsa eða tala um það sem getur gerst þegar numið er staðar, án þess þó að upp vakni þrá eftir einhvers konar fortíðarparadís sem hefur glatast. Það að við séum í vanda stödd núna þýðir ekki að allt hafi verið gott áður fyrr.

Hverjum þeim sem hefur kynnt sér loftslagsvandann er hins vegar ljóst að áhrifin sem ein þjóð, hvað þá ein manneskja, getur haft til að draga verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda eru takmörkuð. Ewa Płonowska Ziarek hefur gagnrýnt Agamben fyrir að einblína um of á einstaklinginn í skrifum sínum um megund en gleyma að taka tillit til þess „hvernig geta manneskjunnar vex, breytist og skerðist mögulega vegna getu/vanmáttar annarra“.<sup>33</sup> Ziarek hefur sömuleiðis lagt til að lausna sé leitað í skrifum eins helsta áhrifavalds Agamben, Hönnuh Arendt. Sá skilningur

<sup>28</sup> Claire Colebrook, „Introduction“, bls. 12–13.

<sup>29</sup> Claire Colebrook, „Introduction“, bls. 13.

<sup>30</sup> Giorgio Agamben, „Bartleby, or On Contingency“, bls. 253.

<sup>31</sup> Giorgio Agamben, „Bartleby, or On Contingency“, bls. 253.

<sup>32</sup> Giorgio Agamben, „Bartleby, or On Contingency“, bls. 270.

<sup>33</sup> Ewa Płonowska Ziarek, „Feminine ‘I can’: On Possibility and Praxis in Agamben’s Work“, *Theory & Event*, 1/2010.

sem Arendt leggur í getu í *Ástandi mannsins* á ýmislegt sameiginlegt með þeim sem Agamben setur fram í skrifum sínum um megundina (sem birtist aðeins við ákveðin skilyrði og í athöfnum); hún er „möguleg og ekki föst, mælanleg eða traust eining eins og afl eða styrkur“.<sup>34</sup>

Ólíkt Agamben, þá leggur Arendt áherslu á að geta er félagsleg, hún „sprettur upp meðal manna í sameiginlegum athöfnum þeirra og hverfur um leið og þeir tvístrast“. Getan gerir okkur kleift að taka höndum saman í hinu opinbera rými og tjá viðhorf okkar sem hópur.<sup>35</sup> Geta einstaklinganna eykst þegar við sameinumst í markmiðum eða strengjum saman heit, og nýir möguleikar verða til. Arendt gerir því eins og Agamben ráð fyrir megund sem er alltaf til staðar og andstæð því sem virðist sögulega ákvörðuð nauðsyn, en felur þó einnig í sér nýja getu sem verður til í sameiginlegum athöfnum. Arendt kallar þetta „getu mannanna til þess að búa sér til heim.“<sup>36</sup> Í samhengi umhverfisvárinnar, sem aðeins er hægt að bregðast við þvert á þjóðir og óháð hagsmunum jafnt einstaklinga sem fyrirtækja, skiptir máli að Arendt gerir ráð fyrir því að aðgerðir þurfi *ekki* að byggja á „sameiginlegri sjálfsmynd (þvert á móti fela þær í sér samtakamátt ókunnugra), sameiginlegum uppruna, ekki einu sinni sameiginlegum markmiðum“ – þær þurfi aðeins á sameiginlega rýminu að halda sem verður til ‚á-milli‘ fólks.<sup>37</sup>

Þótt *Ástand mannsins* eftir Arendt snúist skiljanlega ekki um loftslagsbreytingar, en bókin kom fyrst út árið 1958, er vitundin um áhrifavald mannsins yfir viðkvæmum lífkerfum jarðar drifkraftur bókarinnar. Sjálf jörðin er „kjarni“ þess mannsins ástands sem titillinn vísar til og Arendt gerir að viðfangsefni sínu ekki síst vegna „getu okkar til að eyða öllu lífi á jörðinni.“<sup>38</sup> Í formála er bent á að sá möguleiki sé fyrir hendi að við, sem erum verur „bundnar jörðinni“ en högum okkur eins og alheimurinn sé okkar, „verðum eilíflega ófær um að skilja, það er, hugsu og tala um það sem við erum engu að síður fær um að gera.“<sup>39</sup> Arendt er samt ekki reiðubúin til að gefa upp á bátinn möguleikann á að við getum staldrað

<sup>34</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*, Chicago: The University of Chicago Press, 1998, bls. 200.

<sup>35</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*, bls. 200.

<sup>36</sup> Ewa Płonowska Ziarek, „Feminine ‘I can’“. Ziarek vísar hér í *On Revolution* eftir Arendt, London: Penguin, 1990, bls. 175.

<sup>37</sup> Ewa Płonowska Ziarek, „Feminine ‘I can’“.

<sup>38</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*, bls. 2–3.

<sup>39</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*, bls. 3.

við. Það sem hún leggur til „er afar einfalt: aðeins það að hugsa um það sem við erum að gera.“<sup>40</sup>

Eins og fjallað var um hér að ofan felst gildi möguleika þess að „sleppa því“ að leita að olíu á Drekasvæðinu og bora eftir henni ef við skyldum finna hana, ekki síst í einfaldleika hans. Hann byggir á áreiðanlegustu þekkingu sem nútímavísindi bjóða uppá. Hann gerir hvorki kröfu um sameiginlega sjálfsmynd né sameiginleg pólitísk markmið, heldur einungis það að við séum nógu meðvituð um eigin getu til að nema staðar og *gera ekki* það sem stríðir gegn betri vitund okkar. Við þetta má bæta að aðstæður eru hvergi betri fyrir tilraun af þessu tagi en á Íslandi, þar sem stundum er lagt við hlustir þegar skrytnir fuglar eins og Bartleby trufla vinnufriðinn. Við eigum það til að fylkja okkur um óvenjulega málstaði og óvenjulegt fólk, hér á hver einasti Bartleby þar af leiðandi ágæta möguleika á því að ala af sér tvo eða þrjá til viðbótar. Það er engu líkara en að megund landsmanna þenjst út beinu í hlutfalli við fámennið, gjarnan með þeim afleiðingum að athygli umheimsins beinist að þjóð sem er svo lítil að það að nokkur viti af henni sætir furðu. Og það er ekki síst þegar fjöldi fólks sameinast í einföldum vilja til að láta gott af sér leiða, líkt og þegar þúsundir Íslendinga buðu fram krafta sína við að taka á móti sýrlenskum flóttamönnum haustið 2015, sem athygli umheimsins og áhugi vaknar.<sup>41</sup>

### *Hinsegin möguleikar í heimi sem er svona*

Í „Vekjum ekki sofandi dreka“ fjallar Guðni Elísson um það hvernig loftslagsváin ógnar rótgrónum viðmiðum og gildum ekki síður en lífsskilyrðum okkar á jörðinni:

<sup>40</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*, bls. 5.

<sup>41</sup> Um mánaðamótin ágúst–september 2015 söfnuðust þúsundir Íslendinga saman á Facebook undir yfyrskriftinni „Kæra Eygló Harðar – Sýrland kallar“ og þrýstu á að stjórnvöld tækju á móti fleiri sýrlenskum flóttamönnum en þeim 50 sem til stóð að bjóða velkomna. Fjölmargir buðu fram aðstoð á þeim vettvangi en samtakamátturinn skilaði sér líka í stórkostlegri aukningu í sjálfböðaliðum hjá hjálparsamtökum. Bryndís Björgvinsdóttir stofnaði Facebook-viðburðinn í kjölfar þess að Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra, sagði getu okkar til að taka á móti flóttamönnum frá Sýrlandi velta á því „hversu mikið hinn almenni Íslendingur er tilbúinn til þess að leggja á sig“ í viðtali á Bylgjunni þann 30. ágúst. Sjá „Íslendingar bregðast við kalli Eyglóar: Flóttamenn eru mannaður, reynsla og hæfileikar“, *Vísir*, 30. ágúst 2015. Sótt 24. nóvember 2015: <http://www.visir.is/islendingar-bregdast-vid-kalli-eygloar---flottamenn-eru-mannaudur,-reynsla-og-haefileikar-/article/2015150839973>.

Í samfélagi þar sem orkusóun er til marks um auð og velgengni getur verið erfitt fyrir almenning að horfast í augu við sérhverjar þær kringumstæður sem ógnað geta neyslunni. Í slíku umhverfi vekja kröfur um hófsemi upp tilfinningu um vanefni, en [...] alls kyns áfellingdómar [fylgja] hugmyndum um niðurskurð eða ‚fátæktarbrag‘ í kapítalískum ríkjum.<sup>42</sup>

Gildin sem hér um ræðir móta bæði hægri- og vinstrisinnaða kjósendur, eins og sést glögg á því að möguleikinn á því að ‚sleppa‘ olíuleit á Drekasvæðinu var of fráleitur til að vera ræddur af alvöru meðal íslenskra stjórnmalaflokka, að minnsta kosti þar til tveimur árum eftir að ákvörðun um hana var tekin. Guðni bendir í grein sinni á að hagvaxtarkrafan geri „allar stjórnvaldsaðgerðir pólitískt óraunhæfar sem í alvöru miða að rötækri takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda“ vegna þess efnahagssamdráttar sem nánast ábyggilegt er að fyrirbyggjandi aðgerðir leiði til.<sup>43</sup> Það sem gerir íslenska olíuleitarævintýrið (og grein Guðna) ógnvekjandi er að hér er ekki einungis um skort á fyrirbyggjandi aðgerðum að ræða, þvert á móti er verið að leggja grunn að iðnaði sem við ættum að vera að draga úr, ef við værum á annað borð komin almennilega af stað. Íslenskur efnahagur hefur hingað til ekki treyst á vinnslu jarðefnaeldsneytis. Hér nægði gróðavon, draumur um velmegun þjóðar sem skarar framúr á heimsmörkuðum, eða einfaldlega ósk um að hægt væri að tryggja að við og afkomendur okkar hefðum það gott í óvissri framtíð.

Þegar allt kemur til alls gerir grein Guðna meira en draga upp truflandi mynd af ástandi þar sem vísindi mega sín lítills frammi fyrir áhrifamætti þeirra hugmynda sem samfélag hefur um velgengni. Grimm örlög hennar eru að verða hluti af myndinni sem hún bregður upp, að staðfesta réttmæti greiningarinnar sem höfundur hennar setur fram þegar hún rennur skapara sínum úr greipum og öðlast sjálfstæða tilveru. Í framhaldslífinu heldur hún áfram að skapa merkingu og varpa ljósi á viðfangsefni sitt, meðal annars með viðtökunum sem hún hlýtur.

„Vekjum ekki sofandi dreka“ tekur til samspils margra ólíkra þátta – s.s. vísinda, stjórn mála, efnahagsumhverfis og samfélagsgilda – í yfirgripsmikilli greiningu á félagslega samhenginu sem mótar afstöðu Íslendinga til olíuleitarinnar á Drekasvæðinu, sem enn var aðeins á umræðustiginu

<sup>42</sup> Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka“, bls. 12–13.

<sup>43</sup> Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka“, bls. 14.

þegar greinin kom út. Vísindalegum rökum gegn olíuleit eru þar gerð greinargóð skil, samfélagslegir þættir sem eiga þátt í tregðunni til að bregðast við loftslagsvandnum eru greindir með sannfærandi hætti, en nauðsyn þess að eitthvað sé gert engu að síður undirstrikuð.<sup>44</sup> Þrátt fyrir þá kosti sem greinin hefur til að bera og greint hefur verið frá; þrátt fyrir að hún hafi líklega farið víðar, a.m.k. á síðari árum, en flestar sambærilegar loftslagsmálagreiningar á umhverfismálum á Íslandi;<sup>45</sup> þrátt fyrir að efni hennar hafi verið pólitískt hitamál með skírskotanir til hitamáls á hnattrænum skala, þá tókst henni ekki að vekja nálægt því nógu marga til ábyrgrar umhugsunar og aðgerða sem hefðu áhrif á útgáfu fyrstu sérleyfanna meira en ári eftir að hún kom út.

Ólíklegt verður að teljast að sjálfum höfundi greinarinnar hafi brugðið, að minnsta kosti ef litið er til annarra skrifa hans á sama tíma. Fyrr á sama ári birtist í *Ritinu* greinin „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“ þar sem Guðni fjallar um þann erfiða sannleik að manneskjan „gerir því miður ekki ávallt hið rétta þegar allar upplýsingar liggja fyrir,“ sér í lagi ef það gæti raskað lífsháttum sem eru til marks um velgengni.<sup>46</sup> Sú staðreynd að það eitt að upplýsa lesendur um stöðu mála nægi ekki til þess að þeir snúi baki við samfélagsviðmiðum og

<sup>44</sup> Guðni Elísson, „Vekjum ekki sofandi dreka“, bls. 20: „Frammi fyrir gögnunum er líklega aðeins tvennt í stöðunni ætli menn að halda áfram á sömu háskabrautinni. Vera hræsnari sem segir eitt og gerir annað ... eða taka ekki mark á niðurstöðum þúsunda loftslagsrannsókna.“

<sup>45</sup> Greinin hefur verið sótt 520 sinnum á síðu Guðna Elíssonar á Academia.edu (sjá: <http://hi.academia.edu/Gu%C3%B0niEl%C3%ADsson>, síðast athugað 21.11.2015) og hefur þar að auki verið endurbirt á vefsíðum umhverfisvina á borð við Saving Iceland og aðstandenda Gruggs: vefrits um umhverfismál. Þess má einnig geta að Guðni rökræddi efni greinarinnar við Unni Brá Konráðsdóttur þingmann Sjálfstæðisflokksins í umræðuþætti Gísla Marteins Baldurssonar í Ríkissjónvarpinu, *Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini*, í febrúar 2014. Af því tilefni deildi Gísli „frægri grein“ Guðna á facebooksíðu sinni. Vinsældir drekgreinarinnar meðal hópa sem hafa beitt sér gegn olíuleitinni sjást glögglega á því hversu oft vísað er til hennar í samhengi beinna aðgerða, nú síðast í hvatningu sem bar fyrir sögnina „Vekjum ekki sofandi dreka“ og var afhent gestum Arctic Circle ráðstefnunnar sem fór fram 16.–18. október 2015. Sjá „Veki ekki sofandi dreka“, mbl.is, 15. október 2015, sótt 21.11.2015: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/10/15/veki\\_ekki\\_sofandi\\_dreka/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/10/15/veki_ekki_sofandi_dreka/) og „Vekjum ekki sofandi dreka“, Grugg: vefrit um umhverfismál, 15. október 2015, sótt 21.11.2015: <http://grugg.is/2015/10/15/vekjum-ekki-sofandi-dreka/>.

<sup>46</sup> Guðni Elísson, „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“, *Ritið* 1/2011, bls. 91–136, hér bls. 93.



Ljósmynd: Kristin Søberg Henriksen

gildum sem eru augljóslega skaðleg bæði mönnum og umhverfi veltir upp spurningum um tilgang þeirrar gagnrýni sem er fyrst og fremst stunduð innan hugvísinda og er gjarnan tengd vinstri væng stjórnmálanna.

Spurningar um tilgang og áhrif fræðilegrar greiningar (e. *critique*) hafa verið viðfangsefni hinsegin fræða síðan einn forkólfa þeirra, Eve Kosofsky Sedgwick, setti fram hugmyndir sínar um „ofsóknarkenndan lestur“ (e. *paranoid reading*) og „bætandi lestur“ (e. *reparative reading*) um miðjan tíunda áratuginn. Sedgwick sækir þar í kenningar sálgreinandans Melanie Klein til að varpa ljósi á þá stöðu sem gagnrýnendur (og lesendur þeirra) geta tekið sér gagnvart heiminum. Mikilvægt er að benda strax á að lesandi þarf ekki að einskorða sig við aðra túlkunarleiðina; Klein lagði áherslu á það að kenningar hennar fjölluðu ekki um fólk, sem ætti svo heima í flokki ýmist ofsóknarkenndar eða bóta, „heldur breytilegar stöður“ eða „aðferðir“ sem standa okkur til boða þegar við nálgumst ólík viðföng.<sup>47</sup> Hér er annars vegar um að ræða stöðu hins ofsótta, sem er á nálum gagn-

<sup>47</sup> Eve Kosofsky Sedgwick, „Paranoid Reading, Reparative Reading, Or, You’re So Paranoid, You Probably Think This Essay is About You“, *Touching Feeling. Affect, Pedagogy, Performativity*, Durham & London: Duke University Press, 2003, bls. 123–151, hér bls. 150.

vart fjandsamlegum heimi, uppfullum af missi og sársauka. Þessi staða einkennist af löngun til að kljúfa „hið tvíræða viðfang í hið góða og hið illa viðfang“ svo hægt sé að hata það illa „án þess að skaða hið góða“, sem Klein rekur til frumberskunnar.<sup>48</sup> Hins vegar er staða geðdeyfðar (e. *depressive position*),<sup>49</sup> sem einkennist af auknum þroska og skilningi á því að ekki sé hægt að gera greinarmun á illa og góða viðfanginu og því hafi hatrið á því illa í raun beinst að góða viðfanginu líka. Rými hefur því skapast fyrir tvíræðni innan þessarar stöðu, en á sama tíma vaknar sektarkennd og „löngun til að bæta fyrir tjónið.“<sup>50</sup> Staða geðdeyfðar leiðir því til „bætandi“ nálgunar á heiminn, mildari afstöðu sem dregur úr kvíða og miðar að enduruppbyggingu. Sedgwick bendir á að meðal þeirra nafna sem Klein notaði yfir bætandi nálgun er ást.<sup>51</sup>

Lýsing Sedgwick á ofsóknarkenndum lestri á að mörgu leyti vel við það samansafn greiningaraðferða sem kallaðar eru teoría (e. *critical theory*) innan hugvísinda.<sup>52</sup> Meðvitund um að fræðileg gagnrýni sækir frekar í aðferðir ofsóknarkenndar en bóta, í bland við þrá eftir fjölbreyttari greiningaraðferðum og áhuga á því hvað þekking *geti gert*, er það sem beinir athygli Sedgwick fyrst og fremst að annmörkum ofsóknarkenndu afstöðunnar. Í samhengi þessarar greinar er vert að nefna „trú ofsóknarkenndarinnar á afhjúpun hulinna sanninda“; á það að aðeins þurfi að draga sannleikann fram í dagsljósið til að brugðist sé við.<sup>53</sup> Eins og loftslagsvandinn gerir í sífellu ljóst og fjallað hefur verið um þegar, þá tryggir vitneskja síður en svo aðgerðir og getur þvert á móti haft lamandi áhrif á einstaklinga. Við trú á áhrifamátt sannleikans bætist svo þráhyggjan fyrir því að hafa á réttu að standa sem fylgir stöðu ofsóknarkenndar.<sup>54</sup> Hvort tveggja leiðir oftan ekki til vandaðrar og mikilvægrar greiningar, en vonbrigða með heiminn.

<sup>48</sup> Dagný Kristjánsdóttir, „Ástin og listin gegn þunglyndinu“, *Svört sól. Geðdeyfð og þunglyndi*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 13–79, hér bls. 31.

<sup>49</sup> Dagný Kristjánsdóttir notar þýðinguna „hin geðdaufa staða“.

<sup>50</sup> Dagný Kristjánsdóttir, „Ástin og listin gegn þunglyndinu“, bls. 31.

<sup>51</sup> Eve Kosofsky Sedgwick, „Paranoid Reading“, bls. 124.

<sup>52</sup> Og er þá iðulega vísað til þeirra ólíku fræðilegu greiningaraðferða sem eiga rætur sínar hjá Marx, Freud og Nietzsche, en Paul Ricoeur hefur kallað þær „túlkunarfræði tortrygninnar“ (e. *hermeneutics of suspicion*). Sjá Eve Kosofsky Sedgwick, „Paranoid Reading“, bls. 124.

<sup>53</sup> Eve Kosofsky Sedgwick, „Paranoid Reading“, bls. 144.

<sup>54</sup> Eve Kosofsky Sedgwick, „Paranoid Reading“, bls. 136.

Tilburðir til að vernda sjálfið búa í kjarna ofsóknarkenndu stöðunnar, en það getur því miður haft þær afleiðingar að skarpur samfélagsgreinandi eða lesandi snúi baki við heiminum sem er vondur og fólkinu í honum, sem er bæði vont og vitlaust. Hann lætur þannig undan lönguninni sem fylgir stöðu ofsóknarkenndar og klýfur sig frá illa viðfanginu til að varðveita góða viðfangið; sjálfan sig sem handhafa sannleikans, hrópandann í eyðimörkinni. Bætandi lestur grundvallast hins vegar á sátt við það að við þurfum á öðrum að halda og hefur því þann kost að hneigjast til að hlúa að tengslunum við þá. Sá sem beitir bætandi nálgun viðurkennir líka að viðföngin sem hann þarfnast eru ófullkomin og nálgast þau reiðubúinn til að bæta það sem er þegar til staðar. Í stöðu geðdeyfðarinnar játum við okkur sigruð – heimurinn er ekki það sem við vonuðumst eftir – en sá skilningur gerir okkur kleift að nálgast hann aftur og með öðrum hætti.

Bætandi lestur einkennist af tregðu til að ætla öðrum annarlegar hvatir eða hefja sig yfir aðra; viðföngin eru ófullkomin en líka flóknari, heimurinn er gallaður án þess þó að vera kolómögulegur. Bætandi nálgun gerir kröfu um örlæti, en að sama skapi er ekki ólíklegt að hún sé í flestum tilfellum nákvæmari, þrátt fyrir að hún leggi minni áherslu á að hafa rétt fyrir sér en nálgun ofsóknarkenndarinnar. Til að skýra betur hvað það er sem bætandi nálgun bætir við, má skoða greiningu á áhrifum samfélagsgagnrýni á tímum nýfrjálshyggjunnar í nýlegri bók Shannon Winnubst, *Alltof svöl*.<sup>55</sup> Þar bendir Winnubst á þá hættu að gagnrýnin veki sterk tilfinningaleg viðbrögð á borð við „reiði, vandlætingu og stundum fremur ógeðfella sjálfumgleði“ í stað umhugsunar.<sup>56</sup> Það sem fylgi svo yfirleitt í kjölfarið er þó verra: eftir að upplýstur lesandi samfélagsgagnrýnnar hefur bent á sökudólgana, sýnt fram á siðferðislega yfirburði sína og þannig létt af sér ábyrgð á vandanum, „steypir hann sér í leik og störf af auknum krafti“, eins og ekkert hafi í skorist.<sup>57</sup>

Þótt Winnubst dragi ýmislegt fram í greiningu sinni sem lesanda finnst kunnuglegt, þá má sjá glitta í önnur, örlátari sjónarhorn á hegðunina sem hún lýsir.<sup>58</sup> Til dæmis væri hægt að streitast á móti þeirri freistingu að afskrifa tilfinningahitann sem nær tökum á ofurmeðvituðum samfélags-

<sup>55</sup> Shannon Winnubst, *Way Too Cool. Selling Out Race and Ethics*, New York: Columbia University Press, 2015.

<sup>56</sup> Shannon Winnubst, *Way Too Cool*, bls. 15.

<sup>57</sup> Shannon Winnubst, *Way Too Cool*, bls. 50.

<sup>58</sup> Það vill svo skemmtilega til að í greiningu Winnubst má sjá hana beita ofsóknarkenndri nálgun á ofsóknarkennda leshætti nútímans.

rýnum sem vandlætingu og sjálfumgleði þess sem veit betur en aðrir, enda ekki ólíklegt að áhugi og umhyggja fyrir heiminum drífi lesturinn oftar en ekki áfram. Það mætti þar að auki taka til greina þá staðreynd, sem Winnubst bendir raunar sjálf á, að yfirleitt fylgja engar lausnir þeirri hárbeyttu gagnrýni sem hér um ræðir. Eftir því sem vandamálin hrannast upp frammi fyrir augum lesenda virðist heimurinn ósanngjarnari. Þeir bregðast við eins og unglingar í mótþróa sem fá æðiskast og loka sig inni í herberginu sínu; semsagt, af miklum tilfinningahita sem finnur sér engan gagnlegan farveg og loks með því að fjarlægja sig vandanum. Það sem hægt er að túlka sem mórálisma og sjálfumgleði er líka hægt að nálgast með örlæti sem þarf ekki að byggja á meiru en eigin reynslu af því að vera manneskja (sem stjórnast í flestum tilfellum ekki af hatursfullum hvötum). Það sem blasir við má þá ef til vill skilja sem afleiðingu vonleysisins sem gagnrýni vekur ítrekað með lesendum; sem röð misheppnaðra tilrauna til að bjarga heiminum.

Greining á loftslagsvandanum og orsökum hans einkennist helst af því sem Sedgwick myndi kalla ofsóknarkenndan lestur, en það kemur ef til vill ekki á óvart þegar tekið er tillit til þess hversu margslungið og yfirþyrmandi vandamálið er. Þá er mikilvægt að hafa í huga að viðbrögð lesenda markast af því hvernig fjallað er um vandann. Ótal fræðimenn hafa greint afneitunina sem einkennir viðbrögð almennings, hvort sem um ræðir hreina loftslagsafneitun hægri vængs stjórnmalanna eða flóknari birtingarmyndir hennar hjá þeim sem viðurkenna vandann og segjast vilja bregðast við honum, en sýna afneitun í aðgerðaleysi og því að halda áfram skaðlegri hegðun.<sup>59</sup> Viðbrögð seinni hópsins líkjast raunar oft þeim sem rætt var um í dæminu úr bók Winnubst hér að ofan, en þótt vitneskja um vandann leiði ekki til aðgerða væri fráleitt að halda því fram að loftslagsgreining geti engin áhrif haft eða að fólki hljóti innst inni að vera sama um lífsskilyrði sín eftir örfáa áratugi.

Það eina sem stendur okkur til boða er að missa ekki móðinn, heldur halda áfram, af enn meiri krafti, að reyna að koma á samræðu í samfélaginu öllu. Slík samræða ætti að geta farið fram um olúuleitina á Drekasvæðinu,

<sup>59</sup> Sjá t.d. Kari Marie Norgaard, *Living in Denial. Climate Change, Emotions, and Everyday Life*, Cambridge & London: The MIT Press, 2011; Guðni Elisson, „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“, *Ritið* 1/2011, bls. 91–136; Naomi Oreskes og Erik M. Conway, *Merchants of Doubt. How a Handful of Scientists Obscured the Truth on Issues from Tobacco Smoke to Global Warming*, New York: Bloomsbury Press, 2010.

en svo unnt sé að koma henni af stað þarf að ganga út frá því að loftslagsvandinn sé á ábyrgð okkar allra og að ástandið sé svo alvarlegt að það krefjist þess að upplýst ákvörðun um olíuleitina verði tekin sameiginlega. Það var með meðvitund um að lífið væri of stutt til að eyða því í vitleysu sem Eve Sedgwick beindi sjónum sínum að bætandi lestri. Umhverfisvandinn sem blasir við núna vekur samskonar meðvitund; við höfum engan tíma fyrir kjaftæði. Ef komast á sem fyrst að kjarna málsins þarf bætandi nálgun. Jafnt fræðimenn sem lesendur þurfa að stilla sig um „að kljúfa viðfangið“ – hefja sig yfir löngun til að treysta stöðu sína í einum hópi en harðna í andstöðu við aðra – og leita leiða til að nálgast heim sem er ófullkominn en ekki alslæmur og er uppfullur af einstaklingum sem eru það líka.

### *Að lokum: hvað í ósköpunum á að gera við heiminn?*

*ef við vitum eitthvað, þá er það að við höfum ekki tíma fyrir kjaftæði*

(„Paranoid Reading, Reparative Reading, Or, You’re So Paranoid, You Probably Think This Essay is About You“, Eve Kosofsky Sedgwick)

Fjöldi fræðitexta sem kenndir eru við „andfélagslegu forsenduna“ (e. *anti-social thesis*) innan hinsegin fræða hafa í næstum áratug reynt að svara spurningunni í fyrirsögninni og það kemur kannski ekki á óvart að hægt sé að greina í öllum svörunum missterka blöndu af ofsóknarkenndri og bætandi nálgun á vandamálið. Þessi skrif grundvallast á andstöðu við kröfu sem hefur birst einna helst í baráttunni fyrir hinsegin hjónaböndum og ættleiðingum; að hinsegin fólk sé fyrirmyndarborgarar og deili gildum hins gagnkynhneigða samfélags. Ef taka á alvarlega gagnrýni Guðna Elíssonar á gildin sem gera okkur nánast ókleift að bregðast við loftslagsbreytingum, þá verðum við öll að hætta að vera fyrirmyndarborgarar út frá mælikvörðum sem eru svo skaðlegir, eins undarlega og það kann að hljóma. Í því tilfalli sakar ekki að líta til þeirra leiða sem farnar hafa verið innan hinsegin fræða.

Séu nálgunarleiðir Melanie Klein og Eve Kosofsky Sedgwick mátaðar við ólíkar aðferðir hinna andfélagslegu blasir við sterk tilhneiging til þess að vinna frá stöðu geðdeyfðar: skilningur á því að heimurinn sé ekki það sem vonast var eftir gerir hinseginfræðingunum kleift að nálgast hann aftur og á aðra vegin. Eitt besta dæmið um þessa nálgun er að finna í bókinni *Rúntað um útópíuna* eftir fyrrum nemanda Sedgwick, José Esteban

Muñoz. Þar siglir Muñoz á mið útópíufræða en leitar hinsegin megundar og útópískra framtíða „á jaðri hins pólitíska og menningarlegrar framleiðslu“.<sup>60</sup> Að draga sig út úr miðju samfélagsins á þennan hátt sækir í stöðu ofsóknarkenndar en hefur aðra merkingu í samhengi hinsegin sögu, þar sem hinsegin samfélög eru óhjákvæmilega þegar á jaðrinum. Ýkt dæmi um ofsóknarkennda nálgun má hins vegar finna í bók Lee Edelman, *Án framtíðar*. Þar hafnar höfundur samfélaginu með svo afgerandi hætti að segja má – með tungutaki Melanie Klein – að hann láti eftir lönguninni til að kljúfa viðfangið, en snúi upp á það með því að útiloka góða viðfangið og taka sér stöðu með því illa. Í óði Edelmans til neikvæðinnar hvetur hann nefnilega til samsömunar með dauðahvötinni, öllu því sem grefur undan samfélaginu og það hefur hafnað.<sup>61</sup> Afstaða bæði Muñoz og Edelmans einkennist af munaði sem stendur ekki alltaf til boða, því að í henni felst sú hugmynd að hafna heimi sem rúmar mann ekki og skapa sér nýjan.<sup>62</sup> Að hafna samfélaginu – hvort sem það er gert með því að leita annars konar möguleika í jaðarsamfélögum eða með því að taka sér stöðu þess sem truflar ríkjandi skipan – er ekki fýsilegur kostur í samhengi loftslagsvandans, sem kallar á grundvallarbreytingar á samfélaginu í heild sinni. Loftslagsvandinn vekur meðvitund um að þessi heimur er sá eini sem okkur býðst í tvennum skilningi; við erum bæði háð jörðinni og því samfélagi manna sem byggir hana.

Lítill von er á því að ofsóknarkennd höfnun Edelmans hafi í för með sér nokkrar raunverulegar breytingar, enda ólíklegt að svo afgerandi höfnun á mannlegu samfélagi sé nokkrum manni hvatning til að bjarga því. Útópían er vissulega gjöfull en dauðahvötin og hefur verið vettvangur mikilvægrar samfélagsgagnrýni, rétt eins og Theodor Adorno hefur bent á. Mikilvægi útópíunnar liggur ekki síst í „staðfastri afneitun á því sem er“ sem verð-

<sup>60</sup> José Esteban Muñoz, *Cruising Utopia. The Then and There of Queer Futurity*, New York og London: New York University Press, 2009, bls. 26.

<sup>61</sup> Sjá Lee Edelman, *No Future*, Durham & London: Duke University Press, 2004, bls. 30.

<sup>62</sup> Ætla má að það sé auðveldara fyrir háskólaprófessor í virtum bandarískum háskóla en flesta aðra að taka sér stöðu alls þess sem samfélagið fyrir lítur. Edelman nýtur ekki aðeins atvinnuöryggis og fjárhagslegrar velsældar heldur líka aukinnar velgengi í starfi með því að halda á lofti merkjum eyðileggingar og dauða, en bók hans hefur, þótt umdeild sé, vakið mikla athygli innan hinsegin fræðasamfélagsins í Bandaríkjunum undanfarin ár.

ur ljóst er hún beinir augum okkar „í áttina að því sem ætti að vera.“<sup>63</sup> Í samhengi vandamáls sem nauðsynlegt er að bregðast við án tafar hefur útópían þó þann ókost að vera alltaf í framtíðinni, handan seilingar. Hún felur alltaf í sér afneitun á því sem er og því má segja að pólitísk birtingarmynd hennar í samtímanum sé ekki síst í þeirri öfgahægristefnu sem afneitar hnattrænni hlýnun og fjölmörgum öðrum samfélagsvandamálum og býður upp á þann möguleika að heimurinn sé útópískur hér og nú. Það mætti líka færa rök fyrir því að útópískur hugsunarháttur sé það sem drífur Íslendinga áfram í olíuleitinni.

Sú afstaða til heimsins sem birtist í verki J. Jack Halberstam, *Hinsegin listinni að mistakast*, fellur best að samhenginu sem hér er til umfjöllunar, en hún hefur þann kost að hafna hvorki heiminum eins og hann er né þeim tilfinningalegu tengslum sem við kunnum að hafa við hann. Þótt nálgun Halberstam sé bætandi hvílir hún á ofsóknarkenndri greiningu á samfélaginu. Neikvæðni hans felst í þeirri áherslu sem hann leggur á mikilvægi þess að mistakast innan rökvísi kapítalísks neyslusamfélags og er því aðeins neikvæðni innan þess samhengis; Halberstam gengur út frá því að það sé ekkert eftirsóknarvert við það að njóta velgengni í samfélagi sem skaðar fólk (og plánetuna alla) og hefur tryggt með gildismati sínu að öll raunveruleg róttækni er fyrirfram dæmd til að „svara ekki kostnaði.“<sup>64</sup> Þessi neikvæðni tilheyrir þar að auki sviði megundar; samkvæmt honum „nefnir“ það sem er hinsegin „hina möguleikana, hinar mögulegu útkomurnar, leiðirnar sem eru hvorki beinar né ófrávikjanlegar en breiða úr sér út frá hvaða atburði sem er og liggja að ófyrirsjáanlegum framtíðum.“<sup>65</sup>

Eins og Halberstam bendir á hefur „heterónormatísk rökvísi leitt til þess að velgengni er jafnað við það að ná frama í starfi og auðgast“ en það sem hann kallar „hinsegin fagurfræði“ felur ekki aðeins í sér að slíkri velgengni sé hafnað, heldur líka að uppgjöfinni eða vonbrigðunum sem fylgja því að mistakast (á alla ríkjandi mælikvarða) sé tekið fagnandi.<sup>66</sup>

<sup>63</sup> Theodor W. Adorno og Ernst Bloch, „Something’s Missing: A Discussion between Ernst Bloch and Theodor W. Adorno on the Contradictions of Utopian Longing (1964)“, *The Utopian Function of Art and Literature. Selected Essays*, Cambridge og London: MIT Press, 1988, bls. 1–17, hér bls. 12.

<sup>64</sup> Judith Halberstam, *The Queer Art of Failure*, Durham & London: Duke University Press, 2011, bls. 174.

<sup>65</sup> Judith Halberstam „The Anti-Social Turn in Queer Studies“, *Graduate Journal of Social Sciences* 2/2008, bls. 140–156, hér bls. 153.

<sup>66</sup> Judith Halberstam, *The Queer Art of Failure*, bls. 89 og 96.

Í ljósi þess að viðmiðin sem hér um ræðir eru skökk og hinn misheppnaði þar af leiðandi alls ekkert misheppnaður, gæti virst öfugsnúið að nota orðalagið *að mistakast* í þessu samhengi. Kostur þess er hins vegar sá að í því felst viðurkenning á því að gildin sem hafnað er hverfa ekki svo glatt; við sitjum uppi með þau í einhvern tíma og getum búist við því að vera metin samkvæmt þeim áfram úti í hinum stóra heimi, en þar að auki hafa þau tilfinningalegt gildi fyrir okkur, sama hversu meðvituð við erum.

Með því að viðurkenna óþægilegu tilfinningarnar sem vakna þegar breytingar eru nauðsynlegar er mögulega hægt að forðast ofsóknarkenndu stöðuna og þá höfnun á heiminum sem vonbrigði innan hennar kalla á. Ef okkur á að takast að breyta um stefnu í olíuleitarmálum verðum við að gera okkur grein fyrir áhrifamætti gildanna sem knýja olíuleitina áfram og sýna því skilning að þau hafa jákvæða merkingu í huga fólks, jafnframt því sem við skiljum nauðsyn þess að endurskoða hugmyndir okkar um veltgengi. Eðli málsins samkvæmt verður slík endurskoðun erfið. Ekkert er hættulegra en írónísk fjarlægð eða þunglyndisleg uppgjöf. Tilfinningahiti, þótt hann brjótist stundum út í neikvæðum tilfinningum, ber vott um að okkur standi ekki á sama. Þess vegna er það mikilvægt að Halberstam skuli kalla eftir nýju rófi tilfinningalegra viðbragða fyrir hinsegin róttækni, gjörólíkt því sem gjarnan er tengt henni og kennt hefur verið við *kamp* (e. *camp*). Samkvæmt honum eiga „tryllingur, dónaskapur, reiði, ópolinmæði, ákefð, æði, heilindi, einlægni, ofsatrú, ruddaskapur, miskunnarlaus hreinskilni, og vonbrigði“ að knýja áfram „raunverulega pólitíska neikvæðni loforðsins um að í þetta skipti muni okkur mistakast.“<sup>67</sup> Og í þetta skipti verður okkur að mistakast.

## ÚTDRÁTTUR

### „Að kjósa að sleppa því“

#### Olíuleit, aðgerðaleysi og hinsegin möguleikar

Undanfarin ár hefur færst í aukana að umhverfissinnar biðli til ríkisstjórna og stóridjufyrirtækja um að hætta við gróðavænlegar framkvæmdir sem myndu fela í sér verulegan útblástur gróðurhúsalofttegunda. Í greininni er fjallað um þessar andkapítalísku kröfur um „aðgerðaleysi“ í samhengi við olíuleitina sem á sér stað á Dreka-svæðinu. Enda þótt olíuleitin sem farið hefur fram út af norðausturströnd Íslands síðan árið 2013 hafi mætt lítilli mótstöðu stjórn málaafli í landinu, stigu bæði hópar og einstaklingar fram sem lögðu til að íslensk stjórnvöld slepptu framkvæmdunum,

<sup>67</sup> Judith Halberstam, *The Queer Art of Failure*, bls. 110.

gjarnan með vísan til áreiðanlegustu vísinda um hnattræna hlýnun og hlut olíu í vandanum. Sótt er í skrif ítalska heimspekingsins Giorgio Agamben til að varpa ljósi á mikilvægi „aðgerðaleysis“ á Drekasvæðinu, þótt það samrýmist síður en svo rökvísi kapítalisma og nýfrjálshyggju. Það að biðja ráðamenn eða fyrirtæki um að láta skammtímagróðarsjónarmið lönd og leið felur í sér ósk um að viðkomandi reyni ekki lengur að gangast upp í þeim kröfum um gróða og stöðugan vöxt sem ríkja í kapítalískum neyslusamfélögum. Leitað er lausna í hinsegin fræðum í lokahluta greinarinnar, þar sem tekist verður á við það að fræðileg greining á loftslagsvand-  
 anum og orsökum hans virðist ekki nægja til að brugðist sé við honum. Er þar fyrst og fremst unnið með skrif Eve Kosofsky Sedgwick um það hvað fræðin *geti gert* til að hafa áhrif á heiminn og kenningar J. Jack Halberstam um gildi þess ‚að mistakast‘ samkvæmt ríkjandi viðmiðum þegar mikið liggur við.

*Lykilorð:* olíuleit, Drekasvæðið, hinsegin fræði, andóf

## ABSTRACT

### ‘Preferring not to’

#### The Search for Oil in Iceland, Impotentiality and Queer Alternatives

In recent years, environmentalists have become increasingly vocal in pleas ‘not to’ directed at governments and members of various industries, who are not only capable of actualizing plans that would involve great CO2 emissions, but would also profit immensely from doing so. This article discusses these anti-capitalist demands for inaction in the context of the search for oil currently being conducted in the Dreki region out of Iceland’s north coast. Even though it did not meet much opposition from political parties, individuals and groups alike proposed that the government did not proceed with their plans to search for oil, often citing the latest and most accurate scientific research on climate change and the part oil plays in acerbating the problem. Italian philosopher Giorgio Agamben’s concept of potentiality will be explored to show the importance of ‘inaction’ in the Dreki region, which goes against neoliberal, capitalist logics of profit and growth. Asking corporations and governments to suspend their short-term goals of accumulating profit is asking them to fail when it comes to accomplishing the goals of normative, capitalist society. The power of those goals becomes apparent when analyzing the problem of global warming, as well as its causes, is not enough to cause us to react. In response to this problem, the final part of the article will discuss Eve Kosofsky Sedgwick’s writing on what theory *can do* to affect the world, as well as J. Jack Halberstam’s ideas on the importance of ‘failure’ within a heteronormative framework that does more harm than good.

*Key words:* search for oil, the Dreki region, queer theory, impotentiality